



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 138/2767

komudagur 9.6.2010

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, viðskiptanefnd
Selma Hafliðadóttir
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. júní 2010 02-2010050733
T-ums 50/10

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingar á lögum til að draga úr kennitölflakki - 497. mál.

Ríkisskattstjóri hefur þann 28. maí 2010 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum til að draga úr kennitölflakki - 497. mál.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að tilgangur þess sé að „slá varnagla við því að helstu eigendur og stjórnendur geti í skjóli takmarkaðrar ábyrgðar orðið uppvísir að því að keyra fyrirtæki sín í þrot ítrekað.“

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingar verði gerðar á 150. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, og 124. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, og að hlutafélagaskrá verði veitt heimild til að synja félagi um skráningu eða afskrá félög við tiltekna aðstæður.

Tilvitnaðar lagagreinar fjalla um hvenær synja skuli skráningu á nýjum félögum. Að mati ríkisskattstjóra kann að vera fullt efni til að bæta við þessar greinar atriðum sem leiða til synjunar. Ríkisskattstjóri telur aftur á móti eðlilegra að ákvæði um heimild til afskráningar af þeim ástæðum sem frumvarpið tilgreinir verði færðar inn í 108. gr. áður nefndra laga um hlutafélög og 83. áður nefndra laga um einkahlutafélög.

Ríkisskattstjóra er vel kunnugt um mörg tilvik þar sem rekstur sem kominn er því sem næst í þrot er færður yfir í nýtt félag undir sama nafni og fyrr. Hafa starfsmenn ríkisskattstjóra sem starfa við skráningu og eftirlit með fyrirtækjum margsinnis orðið þessa varir. Ýmsar ástæður geta legið að baki því að félög komist í þessa stöðu, svo sem glannaskapur stjórnenda, óraunhæfar viðskiptahugmyndir og nú á síðari tímum lántaka í erlendri mynt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hlutafélagaskrá sé heimilt, með hliðsjón af viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda, að synja um skráningu eða afskrá félag, hafi framangreindir aðilar ítrekað verið þátttakendur í rekstri sem farið hefur í þrot. Af þessu tilefni er rétt að benda á að ekki er skylt að skila inn til hlutafélagaskráar upplýsingum um eigendur hlutafélaga og einkahlutafélaga. Skráin hefur að geyma upplýsingar um stofnendur félaga, framkvæmdastjóra og prókúruhafa auk stjórnarmanna. Ríkisskattstjóri safnar aftur á móti saman upplýsingum sem notaðar eru til áritunar á skattframtöl um eigendur hlutafélaga og einkahlutafélaga á hlutafjármiðum. Þá má og benda á að í þeim ársreikningum sem skylt er


að skila til ársreikningaskráar ber að tilgreina þá hluthafa sem eiga meira en 10% af hlutafé í árslok. Þær eigendaupplýsingar sem liggja fyrir hjá ársreikningaskrá og í hlutafjármiðum eru eins til tveggja ára gamlar.

Verði frumvarpið lögfest óbreytt telur ríkisskattstjóri að embættinu sé veitt óvenju mikið vald við mat á áreiðanleika þeirra sem hyggjast stofna hlutafélag og þannig verði starfsmönnum hlutafélagaskrár látnar eftir of matkenndar ákvarðanir í hvaða tilvikum hvort beita skuli fyrrnefndum úrræðum þar sem ákvæðin eru afar almennt orðuð. Hvoru tveggja afskráning og synjun á skráningu verður að telja mjög íþyngjandi úrræði og af þeim sökum er eðlilegt að þær reglur sem stjórnvöld eiga að styðjast við séu sem nákvæmastar og skýrastar þannig að ekki sé um huglægt mat að ræða. Ríkisskattstjóri telur þess vegna nauðsynlegt að orðalag ákvæðisins þurfi að vera nákvæmara og tilgreina við hvaða tímamörk skuli miða, fjölda gjaldþrota sem aðilar tengjast á skilgreindu tímabili og enn fremur þarf að skilgreina ábyrgð milli stjórnenda og stjórnamanna svo nokkuð sé nefnt.


Ríkisskattstjóri bendir enn fremur á að verði hlutafélagaskrá falið að vega og meta þau atriði sem nefnd eru í frumvarpinu er ljóst að eftirlits- og stjórnsýsluþáttur við yfirferð tilkynninga mun aukast að miklum mun og hætt er við að fjöldi deilumála sem kveða þarf upp úrskurð í muni enn fjölga. Ljóst er að þetta mun leiða til meiri vinnu, aukins mannahalds og þar með kostnaðarauka hjá ríkisskattstjóra. Þá er einnig ljóst að gera þarf breytingar á tölvukerfum embættisins með tilheyrandi kostnaði.

Ríkisskattstjóri tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í frumvarpinu um að siðbótar sé þörf í viðskiptalífínu og að ástæða sé til að setja sem skýrastar reglur um þann ramma sem starfa skal innan. Þó má e.t.v. telja að það sem mest hafi farið úrskeiðis á síðustu misserum er hugsanleg sniðganga ýmissa aðila innan viðskiptalífsins við lög og reglur og framganga fjármálastofnana í fyrirgreiðslu við suma viðskiptavini sína. Siðbót hvað það varðar er ákaflega mikilvæg en þar skiptir sjálfsagt mestu að hún komi innan frá viðskiptalífínu sjálfu.

Virðingarfyllst



Skúli Eggert Þórðarson



Guðrún J. Jónsdóttir